



## 446. fundur

**haldinn í bæjarráðssal,  
fimmtudaginn 12. febrúar 2009 og hófst hann kl. 17.00**

**Fundinn sátu:** Ólafur Guðmundsson, formaður, Elísabet Lára Björgvinsdóttir, Davíð Sveinsson, Erla Friðriksdóttir bæjarstjóri og Þór Örn Jónsson bæjarritari.

**Fundargerð ritaði:** Þór Örn Jónsson.

Ólafur Guðmundsson setti fund og fól Erlu bæjarstjóra fundarstjórn.

### Fundargerðir nefnda.

**1. 0902021 - Fundargerð skólanefndar Tónlistarskóla Stykkishólms, dags. 10.02.2009 (128. fundur).**

Fundargerð framlögð og samþykkt.

**2. 0902016 - Fundargerð skipulags- og byggingarnefndar, dags. 10.02.2009 (114. fundur).**

Fundargerð framlögð.

**Liður 1** deiliskipulagstillaga af tjaldsvæði og golfvelli.

Stykkishólmsbær leggur fram tillögu að deiliskipulagi á tjaldsvæði og golfvelli sem sýnir m.a. staðsetningu á þjónustuhúsi tjaldsvæðis, breytta aðkomu að golfskála og lóðarmörk samkvæmt uppdrætti frá Arkitektarstofu OG, dags. 10.02.2009.

Nefndin leggur til að deiliskipulagstillagan verði auglýst í samræmi við 25. gr. skipulags- og byggingarlaga. Nefndin vill árétta fyrri afgreiðslu nefndarinnar frá dags. 20.01. 2009.

Afgreiðsla nefndarinnar samþykkt.

**Liður 2** Arnarborg 2. Gestahús.

F.h. Skipavíkur Sævar Harðarson sækir um að byggja gestahús á lóðinni við Arnarborg nr. 2, sbr. teikningar frá Glámu Kím, Bæring Bjarnar Jónssyni dags. 10.02.2009. Stærðir: 29,4 m<sup>2</sup>, 100,3 m<sup>3</sup>.

Erindi samþykkt með fyrirvara á gildistöku deiliskipulags dags.10.02 2009.

Afgreiðsla nefndarinnar samþykkt.

**Liður 3** Silfurgata 27. Endurnýjun á byggingarleyfi frá 18. maí 2005.

María Inga Hannesdóttir óskar eftir endurnýjun á leyfi fyrir, endurbótum á þaki og að endurbyggja og stækka forstofu húss að Silfurgötu 27, samkvæmt teikningum frá Sveini Ívarssyni arkitekt dags 12. apríl 2005. Auk þess er óskað eftir að það verði 2 bílastæði á lóðinni sbr. afstöðumynd. Samtals 9 m<sup>2</sup>, 29.4m<sup>3</sup>.

Erindi samþykkt en samráð skal hafa við lóðarhafa aðliggjandi lóðar um frágang á bílastæðum á lóðarmörkum.

Afgreiðsla nefndarinnar samþykkt.

**Liður 5** Hafnargata 9. Frágangur á lóð.

F.h. Sæfells hf. /Gunnlaugur Árnason óskar eftir m.a. að helluleggja fyrir framan



anddyri og leggja grjóthleðslu eftir gangstétt á lóðarmörkum sbr. bréf og teikn. dags. 4.02. 2009.  
Erindi samþykkt.

Afgreiðsla nefndarinnar samþykkt.

**Liður 6** Nýrækt. Fyrirspurn um að byggja fjárhús.  
Benedikt Frímansson óskar eftir að byggja fjárhús á nýræktarbletti sem Nýræktarfélagið hefur úthlutað honum sbr. bréf mótt.10.02. 2009.  
Nefndin samþykkir að veita stöðuleyfi á fjárhúsi og vísar erindi til afgreiðslu byggingarfulltrúa.

Afgreiðsla nefndarinnar samþykkt.

**Liður 7** Silfurgata 22. Endurnýjun á byggingarleyfi frá 21.maí 2007.  
Gunnar Már Gestsson og Eyrún María Guðmundsdóttir sækja um endurnýjun á byggingarleyfi til að byggja við húsið að Silfurgötu nr. 22, samkvæmt teikningum frá Hjörleifi Sigurþórssyni dags. 26.03. 2007. Erindið var grenndarkynnt fyrir eigendum húsa við Silfurgötu 20 og 24 A og engar athugasemdir bárust. Stærðir 15m<sup>2</sup>. 38,5m<sup>3</sup>.  
Endurnýjun á leyfi samþykkt.

Afgreiðsla nefndarinnar samþykkt.

Fundargerð samþykkt.

**3. 0902015 - Fundargerð safna- og menningarmálanefndar, dags. 09.02.2009 (72. fundur).**

Fundargerð framlögð **Liður 1** samþykkt að ganga til samninga við Norska húsið um skráningu fyrir Ljósmyndasafn Stykkishólms.

Afgreiðsla nefndarinnar samþykkt.

**Liður 2** undirbúningur 100 ára afmælis hafskipabryggjunnar  
Ákveðnar hafa verið dagsetningar vegna afmælishátíðar. Sýning vegna hátíðarinnar mun standa frá sjómannadegi til afmælisdagsins 18. júlí. Í Norska húsinu munu verða sýndar myndir og munir í tengslum við hafnarsvæðið.

Afgreiðsla nefndarinnar samþykkt.

Fundargerð samþykkt.

**4. 0902003 - Fundargerð fræðslunefndar, dags. 04.02.2009 (96. fundur).**

Fundargerð framlögð **Liður 1a samþykkt** tillögur Sigrúnar að leikskólanum verði lokað í 24 virka daga í sumar frá 6. júlí til 7. ágúst. Einnig legg ég til að foreldrum verði gefinn kostur á að taka lengra sumarfrí fyrir börnin sín, þó alltaf í samhengi við lokun leikskólans.

Fundargerð samþykkt.



**5. 0902017 - Fundargerð stjórnar Dvalarheimilis, dags. 03.02.2009 (32. fundur).**

Fundargerð framlögð og samþykkt. Róbert W. Jörgensen var tilnefndur af stjórn Dvalarheimilis í vinnuhóp um húsnæðismál aldraðra.

**6. 0902002 - Fundargerð æskulýðs- og íþróttanefndar, dags. 02.02.2009 (31. fundur).**

Fundargerð framlögð og samþykkt.

**7. 0901057 - Fundargerð húsnæðisnefndar, dags. 28.01.2009 (53. fundur).**

Fundargerð framlögð, samþykkt að úthluta Ólafi Bergsteinssyni íbúð í Skúlagötu 9. Fundargerð samþykkt.

**8. 0901055 - Fundargerð atvinnumálanefndar, dags. 27.01.2009 (72. fundur).**

Fundargerð framlögð.

**Liður 1 Ályktun um að efla þurfi menningartengda ferðaþjónustu.**

Atvinnumálanefnd er sammála um að efla þurfi menningartengda ferðaþjónustu. Stykkishólmsbær er m.a. á sögslóðum Eyrbyggju og þar telur nefndin að séu verulega vannýtt tækifæri. Aðstæður í þjóðfélaginu eru þannig að búast má við auknum ferðalögum landsmanna innanlands auk þess sem búast má við aukningu erlendra ferðamanna þegar litið er til lágs gengis krónunnar. Framboð afþreyingar í hinum ýmsu myndum þarf því að auka ekki síst til að lengja gistitíma ferðamanna. Nefndin er sammála um að sveitarfélög á Snæfellsnesi geti sameinast um átak í ferðamálum. Þá er nefndin með í huga kortlagningu og merkingu gönguleiða, merkingu áhugaverðra staða fyrir náttúru- eða sögulegar sakir. Þá bendir nefndin á vaxandi sport sem kallast strandveiði og veltir því fyrir sér hvort ekki sé hægt að efla hana í tengslum við ferðaþjónustu hér á Snæfellsnesi. Atvinnumálanefndin leggur til að Stykkishólmsbær kanni hvort forsendur eru fyrir slíku samstarfi sveitarfélagana með einhverjum hætti.

Afgreiðsla nefndarinnar samþykkt.

**Liður 2 Ályktun um úttekt á atvinnuástandi.**

Atvinnumálanefnd leggur til að Stykkishólmsbær kanni hvort forsendur séu fyrir því að Atvinnuráðgjöf Vesturlands geri nánari úttekt á atvinnuástandi og horfum í Stykkishólmi og nágrenni, þannig að betri upplýsingar liggi fyrir um ástand mála en nú er.

Ályktun þessi samþykkt samhljóða.

Afgreiðsla nefndarinnar samþykkt.

**Ályktun um frumkvöðlasetur**

Atvinnumálanefnd leggur til að kannað verði hvort grundvöllur sé fyrir frumkvöðlasetri í Stykkishólmi og hver hugsanlegur kostnaður yrði vegna þess. Snæfellsnesið hefur verið skilgreint utan vaxtarsvæðis og telur nefndin því eðlilegt og sjálfsagt að frumkvöðlasetur verði sett á stofn á Snæfellsnesi. Nefndin telur þung rök liggja fyrir að frumkvöðlasetur eða útibú verði sett niður í Stykkishólmi. Starfsmaður Atvinnuráðgjafar Vesturlands er staðsettur á Snæfellsnesi og gæti stutt við starfsemi slíks seturs auk þess sem aðrir ráðgjafar geta e.a. komið reglulega í heimsóknir. Á



undanförnum árum hefur Stykkishólmur orðið fyrir áföllum og búið við viðvarandi fólksfækkun jafnvel umfram önnur nágrannasveitarfélög. Frumkvöðlasetur getur verið mikilvægur hlekkur í að snúa þeirri þróun við og um leið efla atvinnulíf í bænum. Einnig getur verið mikill stuðningur fyrir frumkvöðlasetur að fyrir eru Náttúrustofa Vesturlands og Háskólasetrið hér í Stykkishólmi.

Ályktun þessi samþykkt samhljóða.

Afgreiðsla nefndarinnar samþykkt.

Fundargerð samþykkt.

**9. 0901052 - Fundargerð umhverfisnefndar, dags. 26.01.2009 (21. fundur).**

Fundargerð framlögð og samþykkt.

**Aðrar fundargerðir**

**10. 0902010 - Fundargerð Breiðafjarðarnefndar, dags. 15.01.2009 (96. fundur),**

**([www.breidafjordur.is](http://www.breidafjordur.is)).**

Framlagt.

**Erindi til kynningar.**

**11. 0902020 - Bréf Sorpurðunar Vesturlands, dags. 02.02.2009 varðandi magntölur sorps eftir sorpflokkum.**

Framlagt.

**12. 0901054 - Afrit af bréfi Breiðafjarðarnefndar til NSV og NAVE, dags. 22.01.2009 varðandi atvinnuskapandi verkefni við Breiðafjörð.**

Framlagt og vísað til atvinnumálanefndar.

**13. 0902014 - Afrit af bréfi NSV til Breiðafjarðarnefndar, dags. 05.02.2009 varðandi atvinnuskapandi verkefni við Breiðafjörð.**

Framlagt og vísað til atvinnumálanefndar.

**14. 0902012 - Bréf Sambands íslenskra sveitarfélaga, dags. 03.02.2009 varðandi XXIII. landsþing Sambands íslenskra sveitarfélaga (13.03.2009).**

Framlagt.

**15. 0902011 - Afrit af bréfi Gissurar Tryggvasonar, dags. 02.02.2009 varðandi bréf Eldstoða ehf. og Slökkviliðs Stykkishólms (skýrsla), dags. 09.01.2009.**

Framlagt og vísað til slökkviliðsstjóra.

**16. 0901058 - Bréf Sambands íslenskra sveitarfélaga, dags. 27.01.2009 varðandi megináherslur í úrgangsmálum.**

Framlagt.

**17. 0901056 - Bréf Skólastjórafélags Vesturlands, dags. 27.01.2009 varðandi áskorun til sveitarfélaga á Vesturlandi að standa vörð um starf grunnskólanna á svæðinu.**

Framlagt.

**18. 0901051 - Bréf dóms- og kirkjumálaráðuneytis, dags. 22.01.2009 varðandi reglugerð um lögreglusamþykktir.**

Framlagt.

**19. 0901053 - Bréf Erlu Friðriksdóttur, bæjarstjóra, til Siglingastofnunar Íslands, dags. 26.01.2009 varðandi hafnaframkvæmdir vegna ferjusiglinga frá Stykkishólmshöfn.**



Framlagt.

- 20. 0901049 - Bréf Erlu Friðriksdóttur, bæjarstjóra, til Lánasjóðs sveitarfélaga, dags. 26.01.2009 varðandi beiðni um lántöku vegna framkvæmda 2009.**

Framlagt.

**Erindi til afgreiðslu/umsagnir.**

- 21. 0902013 - Bréf Arkís Stúdíó ehf., dags. 06.02.2009 varðandi heilsuhótel við Sundvík.**

Bæjarráð þakkar fyrir sýndan áhuga á uppbyggingu á svæðinu.  
Samþykkt að bæjarstjóri ræði við bréfitara.

**Styrkbeiðnir.**

- 22. 0902009 - Bréf Lionsklúbbs Stykkishólms, dags. 21.01.2009 varðandi niðurfellingu fasteignagjalda vegna ársins 2009.**

Samþykkt að veita Lionsklúbbs Stykkishólms styrk sem nemur fasteignagjöldum á Aðalgötu 24 fyrir árið 2009. Lionsklúbbsnum er bent á Orkuveitu Reykjavíkur varðandi niðurfellingu á vatnsgjaldi.

- 23. 0901050 - Bréf Golfklúbbsins Mostra, dags. 23.01.2009 varðandi niðurfellingu fasteigna- og annarra gjalda vegna ársins 2009.**

Samþykkt að veita Golfklúbbsnum Mostra styrk sem nemur fasteignagjöldum á Aðalgötu 24 fyrir árið 2009. Golfklúbbsnum er bent á Orkuveitu Reykjavíkur varðandi niðurfellingu á vatnsgjaldi.

- 24. 0901047 - Bréf Sókarnefndar Stykkishólmskirkju, dags. 21.01.2009 varðandi niðurfellingu fasteignagjalda vegna ársins 2009.**

Samþykkt að veita Sókarnefnd Stykkishólmskirkju styrk sem nemur fasteignagjöldum á Aðalgötu 24 fyrir árið 2009. Sókarnefnd Stykkishólmskirkju er bent á Orkuveitu Reykjavíkur varðandi niðurfellingu á vatnsgjaldi.

**Samningar/tilboð.**

- 25. 0901059 - Verksamningur-Stykkishólmur. Sjóvörn við Ægisgötu.**

Verksamningur við Siglingamálastofnun framlagður og samþykktur.

- 26. 0901031 - Verksamningur-gata að tjaldsvæði.**

Verksamningur framlagður og samþykktur.

- 27. 0902018 - Tilboðið frá Ísgraf ehf. á skanna og fl.**

Samþykkt að taka tilboði Ísgraf ehf. í skanna og forrit sem fylgir.

- 28. 0902022 - Tilboð frá NSV vegna ágengra plantna í Stykkishólmi.**

Tilboð Náttúrustofu Vesturlands samþykkt.

**Annað.**

- 29. 0902019 - Bráðabirgðauppgjör Stykkishólmsbæjar jan.-des. 2008.**

Framlagt.

- 30. 0902025 - Stefna Jóhönnu Jónu Guðbrandsdóttur á hendur Stykkishólmsbæ.**

Framlagt og lögmanni Stykkishólmsbæjar falið að fara með málið fyrir hönd Stykkishólmsbæjar.

Fundargerðin upplesin og samþykkt.

Fundi slitið kl. 18:10

Þór Örn Jónsson